

Alþingi
Erindi nr. P 127/1731
komudagur 9.4.2002

Til nefndarsviðs Alþingis
Alþingi 150 Reykjavík

Hvanneyri 18.3.2002

Umsögn Náttúruverndarsamtaka Vesturlands um 520 mál.
(samhljóða umsögn áður send í tölvupósti)

frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum .

Náttúruverndarsamtök Vesturlands gera eftirfarandi almennar athugasemdir um frumvarp þetta:

1) Frumvarpið gerir ráð fyrir að ríkið (ráðherra) hætti afskiptum af stjórn náttúrustofa. Allsendis virðist óljóst hvaða markmiðum eigi að ná með þeirri ráðstöfun. Færa má rök fyrir að þetta sé neikvætt og geri náttúrustofurnar að enn enn einangraðri fyrirbærum en þær eru nú. Minna má á að til dæmis hér á vesturlandi stendur einungis eitt sveitarfélag (Stykkishólmsbær) af mörgum að rekstri náttúrustofunnar fyrir landshlutann. Það að gera stofuna að enn meira einkamáli þessa bæjarfélags er líklegt til þess að binda verkefni stofunnar í þrengri ramma en ella -enda sagt í athugasemd við 3gr að náttúrustofurnar hafi skyldubundnu hlutverki að gegna gagnvart þeim sveitarfélögum sem standa að stofunni.

2) Lítil bragarbót virðist í þessu frumvarpi vera gerð á skilgreiningu tekjustofna fyrir náttúrustofur og raunar hnykkt á að ríkisframlög til þeirra eigi ekki að auka. Hins vegar er mótframlagsskylda sveitarfélaganna aukin frá fyrri lögum þannig að kröfur til þeirra hafa vaxið. Minnst er á að framlag ríkissjóðs til náttúrustofa (önnur en laun forstöðumanns) sé m.a. vegna hins nýja verkefnis að styrkja starf náttúruverndarnefnda. Gera hefði mátt ráð fyrir að nýjum verkefnum fylgdu nýjir peningar. Ekki verður annað séð en bæta skuli nýju verkefni inn í hefðbundin fjárhagsramma sem var knappur fyrir.

3) Í greinargerð frumvarpsins er það gert að umræðuefni að náttúrustofurnar gætu verkað eins og framlengdur armur ríkisstofnanna á sviði Náttúrufræði og Náttúruverndar samkvæmt þeirra beiðni samtímis

Því sem allri ábyrgð af rekstri stofanna hefur verið velt yfir á sveitarfélög. Þetta hlýtur að vera allt of laust í reipunum frá sjónarhóli þeirra sem reka náttúrustofur. Raunar virðist verkaskipting milli náttúrustofa og Náttúrufræðistofnunar vera dæmd til að skarast mikið t.d. varðandi öflunar yfirlitsþekkingar á náttúrufræði svæðanna. Í þessum efnum þyrfti samstarfið annað hvort að vera mjög samhæft og náði milli stofnana eða þá að náttúrustofunum væru gefnir raunverulegir burðir til að sinna slíkum verkefnum á sjálfstæðan hátt. Einhver óskýr millibilsleið hlýtur að vera óheppileg í þessum efnum. Hvað varðar verkefni fyrir Náttúruvernd ríkisins skal bent á að náttúrustofur eru líklegir umsagnar- og rannsóknaraðilar vegna framkvæmda. Það getur haft formgalla í för með sér að nýta stofurnar sem eftirlitsaðila með sömu framkvæmdum.

4) Í athugasemdum með frumvarpinu er minnst á hugsanlega stofnun tveggja náttúrustofa til viðbótar á norðaustur og suðausturlandi, og að starfssvæðismörk séu samningsatriði (sbr. 3 gr). Almennt verður að teljast óheppilegt að hafa breytileg starfssvæðismörk frá einum tíma til annars þar sem starfsemi einstakra náttúrustofa hlýtur að miða við starfsáætlanir til langs tíma. Einnig má færa rök fyrir að styðja beri frekar við þær stofur sem þegar eru til fremur en að fjölga þeim, ekki síst með tilvísun til þess að stofurnar eru svo smáar einingar að þær eru langt undir þröskuldsgildi þeirra stærðar sem talist getur heppileg í fræða- og vísindastarfi.

F.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Vesturlands 18. mars 2002

Björn Þorsteinsson

